

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Tryggvagata 16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 11. mars 2016 breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 16 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli, að breyta þaki þannig að koma megi fyrir þaksvölum sem tengja megi við stigagang og breyting á kvistum. Einnig verður lóðin skilgreind sem atvinnu- og íbúðarlóð. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Lambhagavegur 19.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 8. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands vegna lóðarinnar nr. 19 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst að reitur fyrir íbúðarhús færast fjær aðkomuvegi og verður suðvestantil á lóðinni en byggingarreitur fyrir gróðurhús færast að austurmörkum lóðarinnar. Einnig er kvöð um kaldvatnslagnir sunnan- og austantil á lóð felld út. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vitastígur 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 13. apríl 2016, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.2 vegna lóðarinnar nr. 11 við Vitastíg. Í breytingunni felst að hækka mæni húss, lækka kjallaragólf og lækka lóð milli fram- og bakhúss ásamt byggingu þjónustuhúss á lóðarmörkum Vitastígs 11 og 13. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Miklabraut/Stigahlíð.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 13. apríl 2016, breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar. Í breytingunni felst að mörk skipulagssvæðis verða rýmkuð vegna nýrrar lóðar. Lóðin er ætluð fyrir lokahús á aðalæð kaldvatnslagnar. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Menntasveigur 15.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 13. apríl 2016, breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðarinnar nr. 15 við Menntasveig. Í breytingunni felst að lóðin hliðrast tæpa tvo metra til norðurs. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 14. apríl 2016.*

**Björn Axelsson.**